

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 899 (7.3.2019) - Starfsemi og rekstur Dalvíkurbyggðar - tillögur vinnuhópa.

Málsnúmer : 201901038
Málsaðili : Fjármála- og stjórnslusvið
Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram
Fundardagur : 07.03.2019

Inngangur : Á 892. fundi byggðaráðs þann 10. janúar s.l. var eftirfarandi bókað:
"Á 885. fundi byggðaráðs þann 25. október 2018 var samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum að farið verði sem fyrst í heildstæða skoðun á rekstri og fjárfestingum sveitarfélagsins með vinnuhópum kjörinna fulltrúa og starfsmanna.

Með fundarboði byggðaráðs fylgdi tillaga að erindisbréfi, tillaga að skiptingu í vinnuhópa og tillaga að vinnuskjala varðandi ofangreint verkefni.

Til umræðu.

Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreindar tillögur og að þessi vinna verði sett í gang. Kostnaður bókst á deild 21030 og skil 28. febrúar 2019."

Með fundarboðið byggðaráðs fylgdu tillögur vinnuhópanna, sem eru vinnuskjöl innanhúss. Vinnuhóparnir voru 6 talsins:

Vinnuhópur 2; Félagsmálasvið.
Vinnuhópur 3; Fræðslumál.
Vinnuhópur 4; Menningarmál og íþrótt- og æskulýðsmál.
vinnuhópur 5; Umhverfis- og tæknisvið.
Vinnuhópur 6; Veitu- og hafnasvið.
Vinnuhópur 7; Fjármála- og stjórnslusvið.

Í hverjum vinnuhópi voru 5; 4 kjörnir fulltrúar og sviðsstjóri viðkomandi fagsviðs. Sveitarstjóri vann með vinnuhópi 4 og sviðsstjóri fjármála - og stjórnslusviðs með vinnuhópi 3.

Vinnuhópur 1 er byggðaráð og starfsmenn byggðaráðs.

Til umræðu ofangreint.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að vísa ofangreindum tillögum til fagráðanna eftir því sem við á til umfjöllunar, sem trúnaðarmál á vinnslustigi.